

Hestamannafélagið Sprettur

Stjórnarfundur, þriðjudaginn 11. mars 2015 á Kjóavöllum.

1. fundur

Fundur hófst kl. 18:00

Mættir: Kristín Njálsdóttir, Hermann Vilmundarson, Linda Gunnlaugsdóttir, Ragna Emilsdóttir, Ólafur Blöndal og Magnús Benediktsson framkv.stj. Lárus Finnbogason og Sigurður Tyrfingsson boðuðu forföll.

1. Linda bauð nýja stjórnarmenn velkomna til starfa en þau eru Sigurður Tyrfingsson, Ragna Emilsdóttir og Ólafur Blöndal.
2. Fundargerð síðasta fundar samþykkt.
3. Kosning varaformanns. Lagt var til að Hermann Vilmundarsson myndi gegna embætti varaformanns áfram. Samþykkt samhljóða.
4. Linda gerði grein fyrir stöðu mála gagnvart afnotum félagsins af hesthúsi Kópavogsbæjar við Heimsenda 1. Gengið verður frá endanlegu samkomulagi við Kópavogsbæ á næstu dögum varðandi afhendingu á hesthúsinu.
5. Reiðskólar sumarsins. Umræðu frestað til næsta fundar.
6. Tekin fyrir kynning á breytingu skipulags hjá Kópavogsbæ vegna þjónustumiðstöðvar og nýjrir stjórnarmeðlimir settir inn í málin. Rætt um skipulag svæðisins í kringum reiðhöll Sprettis.
7. Snjómokstur á svæðinu – Lindu og Hermanni falið f.h. stjórnar að ræða við yfirstjórn bæjarfélaganna vegna þess ófermdarástands sem skapast hefur á svæðinu vegna mikilla snjóa og óásættanlegrar þjónustu við snjómokstur. Félagið hefur sjálft þurft að kosta mokstur á götum inn á félagssvæðið til þess að tryggja greiða umferð félagsmanna og gesta inn á svæðið undanfarnar vikur.
8. Íslandsmót 9.-12. júlí 2015: Skipa þarf í nefnd vegna Íslandsmótanna. Talað hefur verið við nokkra félagsmenn vegna þess þar sem Íslandsmótsnefnd þarf að taka til starfa sem fyrst vegna nauðsynlegs undirbúnings. Klárað verður að skipa í nefndina fyrir næsta fund stjórnar. Rætt um ýmis atriði tengt Íslandsmótunum þar sem huga þarf að mörgu. Stjórn félagsins og Íslandsmótsnefnd munu starfa náið saman að undirbúningi fyrir mótin.
9. Áhugamannadeildin. Lokamót deildarinnar er fimmtudaginn 19. mars nk. og ráðgerð lokahátíð í tengslum við það daginn eftir, föstudaginn 20. mars. Seldir verða miðar á lokahátíðina sem er hugsuð fyrir liðin og styrktaraðila deildarinnar. Stjórnarmenn eru afar ánægðir og stoltir yfir því hvernig til hefur tekist með þessa frumraun sem áhugamannadeildin er og viðtökurnar. Það er mikil tilhlökkun í mönnum almennt gagnvart áhugamannadeildinni á næsta ári og liðin nú þegar farin að skrá sig til þátttöku að ári.
10. Málarekstur gagnvart arkitekt reiðhallar. Linda gerði grein fyrir stöðu mála.

11. Önnur mál. Aðalfundur félagsins var haldinn 25. febrúar sl. og tókst mjög vel þar sem mættu um 70 manns þrátt fyrir slæmt veður. Samþykktum lagabreytingum hefur þegar verið komið til skila og ný lög skv. þeim birt á heimasíðu félagsins.

Stjórnarmenn minntust látins félaga en Unnar Björn Jónsson lést 9. mars sl.

Kristín sagði frá mynddiski sem Ármann Magnússon færði félaginu að gjöf á aðalfundi félagsins 25. febrúar sl.. Um er að ræða myndir sem tengjast uppbyggingarsögu félagsins á nýja svæðinu við Magnúsarlund. Myndirnar verða gerðar aðgengilegar félagsmönnum á heimasíðu félagsins en þær eru dýrmætar sögulegar heimildir. Ármanni er þökkun gjöfin og var KN falið að kalla hann sérstaklega til fundar við formann stjórnar þannig að hægt verði að þakka fyrir með formlegum hætti og tilkynna um gjöfina með frétt á heimasíðu félagsins.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:00

Fundargerð ritaði Kristín Njálisdóttir